



Umboðmaður Alþingis  
Pórshamri, Templarasundi 5,  
101 Reykjavík

Reykjavík 17. september 2021

Umboðsmaður Alþingis óskar eftir upplýsingum með bréfi dags. 24. júní 2021. Óskað er eftir gögnum og upplýsingum um vistanir sjúklinga á öryggisgangi réttargeðeilda frá 1. október 2018 til 1. júní þessa árs. Óskað er eftir að upplýst verði um lengd vistana og aðstæður sjúklinga meðan á þeim stóð, s.s. mögulegar takmarkanir á frelsi, t.d. heimildum til útiveru, heimsóknum og möguleikum til afþreyingar.

#### Formáli

##### Aðstaða og rými á öryggisgangi

Öryggisgangur er staðsettur á réttargeðeild inn af almennum gangi deilda. Milligangur sem hægt er að læsa aðskilur öryggisgang frá almennu rými en þar eru einnig tvær sjúkrastofur. Á öryggisgangi eru tvö svefnherbergi. Innra herbergið er öryggisherbergi en það er ætlað þeim sem þarfnað hámarks öryggis. Öryggisherbergið er búið öryggismyndavél og sérstöku öryggisplexigleri sem unnt er að nota til að stúka af öryggisherbergið án þess að loka hurðinni en það auðveldar samskipti við sjúklinga. Á öryggisgangi er salerni með sturtu, reykherbergi, setustofa með sjónvarpi og borði til að matast. Allar innréttningar eru vegg eða gólf fastar og húsgögn eru sérhönnuð með tilliti til öryggis.

##### Almennar reglur og verklag um notkun á öryggisgangi

Á réttargeðeild er öryggisgangur notaður í tilfellum þar sem tryggja þarf öryggi sjúklings, samsjúklinga og/eða starfsmanna. Í þeim tilfellum þegar sjúklingur er færður á öryggisgang er um þvingun að ræða og gæta þarf sértaklega að hagsmunum sjúklings á meðan hann dvelur á ganginum. Regluleg geðskoðun er því lykilþáttur í því að gæta hagsmunu sjúklinga sem þar dvelja en mat á líðan, hegðun og ástandi sjúklings er nauðsynlegt til að geta veitt honum aukið frelsi í formi rýmkunar.

Geðskoðun er gerð daglega eða oftar af lækni sjúklings og af hjúkrunarfræðingum á vakt þegar sjúklingur dvelur á öryggisgangi. Sjúklingur sem dvelur á öryggisgangi er undir stöðugu eftirliti tveggja starfsmanna. Starfsfólk sem dvelur með sjúklingi á öryggisgangi metur einnig líðan og hegðun sjúklings og veitir sjúklingi stuðning og nærveru. Markmið með stöðugu mati er meðal annars að lágmarka þann tíma sem sjúklingur dvelur á öryggisgangi. Einnig er markmiðið að geta brugðist strax við breytingu ástandi sjúklings og til þess að meta í hvaða formi unnt er að veita rýmkun frá dvöl á öryggisgangi. Rýmkun er veitt þegar meðferðaraðilar hafa metið að öryggi sjúklingsins sjálfs og/eða annarra sé ekki ógnað.

Almennt hefja sjúklingar meðferð fyrst eftir innlögn á réttargeðeild á öryggisgangi en það er þó ekki alltaf talin ástæða til þess. Ástæður dvalar á öryggisgangi eru þegar um öryggisógn er að ræða t.d. vegna ofbeldis, sjálfsvígshættu, neyslu en einnig við innlögn á deildina þegar þörf er á frekara mati á geðhag og nauðsynlegt er



að tryggja öryggi sjúklingsins sjálfs og/eða annarra. Sá tími sem sjúklingur dvelur á öryggisgangi er því breytilegur. Hjúkrunarfræðingur og/eða læknir afléttir dvöl á öryggisgangi þegar sjúklingur hefur róast, náð betri stjórn og/eða hefur tjáð vilja um að láta af ofbeldishegðun. Mikilvægt er að meðferðaraðilar meti það svo að sjúklingur hafa náð nægilegri stjórn á hegðun sinni þannig að hann sé fær um að nýta aðrar leiðir en t.d. ofbeldi til þess að tjá vanliðan sína, fá lausn frá spennu, reiði, kvíða eða óróleika. Þessar leiðir geta verið að nýta slökunarherbergi, ræða við starfsmenn, hvilast á herbergi sínu tímabundið, þiggja auka lyf, taka þátt í virkni og fleira.

Þegar sjúklingur dvelur á öryggisgangi án rýmkunar hefur hann ekki leyfi til að fá til sín óþarfa persónulega muni. Hann hefur eingöngu leyfi til að hafa hjá sér eitt sett af fötum til skiptanna, annað er tekið og sett í geymslu (þ.m.t. belti, skór, hreinlætisvörur og annað). Sjúklingur á öryggisgangi borðar inni á herbergi með plast hnífapörum. Viðkomandi hefur ekki leyfi að fá inn til sín hluti sem hægt er að nota til að skaða sjálfan sig eða aðra. Sjúklingur á öryggisgangi hefur alltaf leyfi til þess að hringja í lögfræðing/lögráðamann sinn en að öllu jöfnu eru aðrar símhringingar ekki leyfðar fyrr en meðferðaraðilar hafa metið það öruggt út frá ástandi sjúklingsins. Vakthafandi hjúkrunarfræðingur metur hvort sjúklingur á öryggisgangi geti farið út að reykja undir eftirliti. Til að byrja með er öryggisgangur alltaf læstur og tveir starfsmenn annast sjúkling og dvelja hjá honum öllum stundum. Eftir því sem ástand og liðan sjúklings batnar og öryggisógn minnkar er rýmkun veitt. Rýmkun er veitt í formi aukinna friðinda og frelsis en eftirlit með sjúklingi helst þó óbreytt til að byrja með. Sjúklingur fær þannig að aðlagast dvöl á almennum gangi með stuðningi frá starfsmönnum. Dæmi um rýmkun getur verið að hafa öryggisgang ólæstan, hafa hurðir sem skilja á milli öryggisgangs, milligangs og almenns rýmis opnar, fækka starfsmönnum sem dvelja með sjúklingi á öryggisgangi úr tveimur í einn, veita sjúklingi frammiveru í almennu rými á skilgreindum tímum og/eða útiveru í fylgd starfsmanna til að byrja með í lokaðum garði deildarinnar, fá í auknum mæli afnot af tölvu, síma eða persónulegum munum, fá til sín sína nánustu í heimsókn, símtöl o.fl. Smám saman er frelsi sjúklings aukið þar til hann er talinn geta dvalið alfarið í almennu rými.

### Svar við fyrirspurn

#### Gögn og vinnsla gagna

Til þess að afla upplýsinga um vistun sjúklinga á öryggisgangi reyndist nauðsynlegt að lesa nótur lækna og hjúkrunarfræðinga í sjúkraskrá fyrir hvern sjúkling fyrir sig. Samantekt þeirrar vinnu hefur verið sett fram hér að neðan. Sé þess óskað er unnt að senda afrit af meðferðaráætlunum sjúklinga sem vistaðir voru á öryggisgangi fyrir umrætt tímabil.

#### Vistun sjúklinga á öryggisgangi með og án rýmkunar

Tímabilið sem beðið var um telur 975 daga. Af þeim var öryggisgangur í notkun í 787 daga eða í um 81% timans. Af þessum 787 dögum eru 654 dagar með rýmkun (80%) og 133 dagar án rýmkunar (20%). Á tímabilinu dvöldu fimm sjúklingar á öryggisgangi. Taka ber fram að einn sjúklingur dvaldi á öryggisgangi með og án



rýmkunar í 572 daga alls og einn sjúklingur í þrjá daga og því best að skoða notkun eftir einstaklingum (sjá töflu fyrir neðan).

Sjúklingur	Dvöl á öryggisgangi	Fjöldi daga	Skýring
1	Án rýmkunar	7	Innlögn
1	Með rýmkun	30	Innlögn
2	Án rýmkunar	25	Ofbeldi
2	Með rýmkun	547	Ofbeldi
3	Án rýmkunar	24	Innlögn/Sjálfsvígsgát
3	Með rýmkun	11	Innlögn/Sjálfsvígsgát
3	Án rýmkunar	24	Sjálfsvígsgát
3	Með rýmkun	3	Sjálfsvígsgát
3	Án rýmkunar	36	Sjálfsvígsgát
3	Með rýmkun	48	Sjálfsvígsgát
4	Án rýmkunar	3	Innlögn
5	Án rýmkunar	4	Innlögn
5	Með rýmkun	3	Innlögn
5	Án rýmkunar	3	Ofbeldi
5	Með rýmkun	12	Ofbeldi
5	Án rýmkunar	7	Ofbeldi